

Samþykktir Héraðsnefndar Árneseinga bs.

1. Almennt um byggðasamlagið

1.1. Aðildarsveitarfélög, varnarþing o.fl.

Héraðsnefnd Árneseinga bs. er byggðasamlag sveitarfélaga í Árneseyslu í samræmi við 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Heimilisfang byggðasamlagsins er að Austurvegi 2 á Selfossi og er varnarþing byggðasamlagsins í þinghá Héraðsdóms Suðurlands á Selfossi.

Eftirtalin sveitarfélög eiga aðild að byggðasamlaginu:

Sveitarfélagið Árborg.

Hveragerðisbær.

Bláskógabyggð.

Flóahreppur.

Grímsnes- og Grafningshreppur.

Hrunamannahreppur.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Sveitarfélagið Ölfus.

Merki Árneseyslu skal vera merki Héraðsnefndar Árneseinga bs.

1.2. Verkefni byggðasamlagsins

Byggðasamlagið annast þau verkefni sem varða öll aðildarsveitarfélögin og sveitarstjórnir fela henni samkvæmt sérstakri samþykkt allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Þá skal byggðasamlagið láta sig varða sveitarstjórnarmál sem varða héraðið sem heild og tillögur um hvað eina sem verða má héraðinu til gagns.

Byggðasamlagið er skráður eigandi ýmissa sameiginlegra eigna sveitarfélaganna. Byggðasamlagið fer með umsjá og umsýslu þessara eigna fyrir hönd sveitarfélaganna. Stjórn byggðasamlagsins skal hlutast til um að láta meta eignirnar og gera tillögur til aðildarsveitarfélaganna um ráðstöfun þeirra.

Jafnframt fer byggðasamlagið með umsjá og hagsmunagæslu varðandi þær fjárhagsskuldbindingar sem byggðasamlagið er skráð fyrir f.h. aðildarsveitarfélaganna vegna sameiginlegra málefna þeirra.

Byggðasamlagið annaðist áður yfirstjórn og rekstur tiltekinna sameiginlegra stofnana fyrir hönd aðildarsveitarféлага. Í dag eru þær stofnanir reknar sem sérstæð byggðasamlög og heyra málefni þeirra ekki lengur undir Héraðsnefnd Árneseinga. Þó er fyrirhugað að áfram verði aðalfundir og aukaaðalfundir byggðasamlaga þeirra stofnana haldnir í samfellu og tengslum við aðalfundi og aukaaðalfundi Héraðsnefndar Árneseinga eins og nánar er kveðið á um í samþykktum þeirra.

2. Eignarhluti, ábyrgðir og heimildir til að skuldbinda aðildarsveitarfélög

2.1 Eignarhluti aðildarsveitarféлага

Eignarhluti hvers aðildarsveitarfélags í byggðasamlaginu skiptist innbyrðis í hlutfalli við íbúafjölda hvers sveitarfélags, sbr. upplýsingar frá Hagstofu Íslands, miðað við fjölda íbúa 1. janúar ár hvert.

2.2 Ábyrgð aðildarsveitarféлага

Aðildarsveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins í samræmi við eignarhluta sinn en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda aðildarsveitarfélags, sbr. upplýsingar frá Hagstofu Íslands, nema annað sé ákveðið varðandi einstök verkefni.

2.3 Heimildir til að skuldbinda aðildarsveitarfélög

Byggðasamlaginu er óheimilt að skuldbinda aðildarsveitarfélögin umfram það sem fram kemur í samþykkt þessari, það sem samþykkt hefur verið á aðalfundi og staðfest er af sveitarstjórnunum aðildarsveitarfélaganna, eða sem kveðið er á um í samþykkttri fjárhagsáætlun eða viðauka við fjárhagsáætlun byggðasamlagsins.

3. Um aðalfundi, aukaaðalfundi og kosningu stjórnar

3.1 Almennt um reglulega aðalfundi og aukaaðalfundi

Aðalfund byggðasamlagsins (haustfund) skal halda fyrir 10. október ár hvert.

Aukaaðalfund skal halda fyrir 1. júní ár hvert (vorfundur). Þó er á kosningarári sveitastjórna heimilt að halda vorfundinn eftir kosningar. Á kosningarári sveitarstjórna skal halda aukaaðalfund að loknum kosningum og skal sá fundur boðaður af stærsta aðildarsveitarfélaginu til þess að kjósa nýja stjórn fyrir byggðasamlagið. Fundurinn skal haldinn eigi síðar en 10. júlí á kosningarári.

Á öðrum tímum er heimilt að boða til aukaaðalfunda byggðasamlagsins hvenær sem er, eftir þörfum. Aukaaðalfund skal boða, ef þörf krefur að mati stjórnar byggðasamlagsins, eða ef þriðjungur aðildarsveitarfélaga krefst þess skriflega við formann stjórnar byggðasamlagsins.

Fundarboð, fundarstjórn og formlegur undirbúningur aðalfunda og aukaaðalfunda byggðasamlagsins er í höndum formanns stjórnar byggðasamlagsins og/eða varaformanns.

Sömu reglur gilda um aukaaðalfundi og reglulega aðalfundi nema annað sé sérstaklega tekið fram í samþykkt þessari. Aðalfundur mótar stefnu byggðasamlagsins í samræmi við þau lög og þær reglugerðir sem starfsemi byggðasamlagsins byggir á og ákveður forgangsöröðun verkefna.

3.2 Fulltrúar aðildarsveitarfélaga á aðalfundi og áheyrnarfulltrúar

Hvert aðildarsveitarfélag skal tilnefna sína fulltrúa til setu á aðalfundi/aukaaðalfundi byggðasamlagsins sem fara með atkvæðarétt aðildarsveitarfélags á fundunum. Þá skal aðildarsveitarfélag tilnefna jafnmarga fulltrúa til vara sem taka sæti aðalfulltrúa sveitarfélagsins á aðalfundi/aukaaðalfundi, í þeirri röð sem þeir eru kjörnir, ef aðalfulltrúar forfallast.

Fjöldi fulltrúa frá hverju aðildarsveitarfélagi byggðasamlagsins á aðalfundi og aukaaðalfundi byggðasamlagsins fer eftir íbúafjölda og skal þannig hvert aðildarsveitarfélag fá einn fulltrúa fyrir hvert byrjað 1000 íbúa miðað við 1. janúar þess árs sem fundur er haldinn. Aðildarsveitarfélag sem hefur 1000 íbúa eða færri fær einn fulltrúa og aðildarsveitarfélag sem hefur 1001 íbúa fær tvo fulltrúa o.s.frv. Hver fulltrúi aðildarsveitarfélags fer með eitt atvæði á aðalfundi/aukaaðalfundi. Auk þess hafa aðildarsveitarfélög með íbúafjölda undir 1000 heimild til að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt. Skal sá fulltrúi vera aðalmaður í sveitarstjórn.

Fulltrúar aðildarsveitarfélaga á aðalfundum/aukaaðalfundum byggðasamlagsins geta verið eftirtaldir: framkvæmdastjórnar aðildarsveitarfélaga, aðalmenn í sveitarstjórnunum aðildarsveitarfélaga og varamenn þeirra. Sveitarstjórnarmaður missir hæfi sitt til þess að vera fulltrúi aðildarsveitarfélags á næsta aðalfundi/aukaaðalfundi eftir að hann hættir setu í sveitarstjórn aðildarsveitarfélags eða missir sæti sem varamaður í sveitarstjórn. Framkvæmdastjóri aðildarsveitarfélags missir hæfi sitt til þess að vera fulltrúi á næsta aðalfundi/aukaaðalfundi eftir að hann lætur af störfum sem framkvæmdastjóri aðildarsveitarfélags.

Stjórnarmönnum byggðasamlagsins og framkvæmdastjórnunum aðildarsveitarfélaganna er heimilt að sitja aðalfundi og aukaaðalfundi en hafa eingöngu málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðarétt, nema að þeir séu jafnframt kjörnir fulltrúar til setu á fundinum.

Aðildarsveitarfélögin greiða á eigin vegum laun til fulltrúa sinna fyrir aðalfundarstörf í samræmi við reglur hvers og eins sveitarfélags þar um.

Stjórn er heimilt að bjóða til aðalfundar/aúkaaðalfundar sérfræðingum og öðrum aðilum vegna tiltekinna mála/verkefna byggðasamlagsins.

3.3 Kosning stjórnar byggðasamlagsins og starfstími

Aðildarsveitarfélögin kjósa þriggja manna kjörnefnd sem gerir tillögu til aðalfundar/aúkaaðalfundar um hvernig stjórn byggðasamlagsins skuli skipuð að fengnum tilnefningum fulltrúa til stjórnarsetu frá aðildarsveitarfélögum. Kjörnefndin skal skipuð þremur fulltrúum, að jafnaði einum fulltrúa frá Sveitarfélaginu Árborg, einum fulltrúa frá uppsveitum og Flóa og einum fulltrúa frá Hveragerðisbæ og Sveitarfélaginu Ölfusi.

Stjórn byggðasamlagsins skal kosin á aðalfundi/aúkaaðalfundi. Samtals eru átta aðalmenn og átta varamenn í stjórn. Kjörgengir í stjórn eru þeir einstaklinga sem gegna eftirtöldum embættum eftirtaldir aðilar hjá hverju aðildarsveitarfélagi, sbr. nánari skilgreiningar 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011:

- Oddviti sveitarstjórnar
- Forseti sveitar- eða bæjarstjórnar
- Formaður byggðar-, hrepps eða bæjarráðs

Varamenn í stjórn byggðasamlagsins skulu vera einhverjir af eftirtöldum aðilum, sbr. nánari skilgreiningar 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011:

- Oddviti og varaoddviti sveitarstjórnar
- Forseti og varaforseti sveitar- eða bæjarstjórnar
- Formaður og varaformaður byggðar-, hrepps eða bæjarráðs

Aðalfundur/aúkaaðalfundur kýs formann og varaformann stjórnar að fengnum tillögum kjörnefndar en stjórn kýs sér sjálf ritara.

Stjórn byggðasamlagsins starfar frá kosningum til sveitarstjórnar og fram að fyrsta aðalfundi/aúkaaðalfundi eftir næstu sveitarstjórnarkosningar. Komi til þess að skipan embættis stjórnarmanns hjá aðildarsveitarfélagi skv. framangreindu taki breytingum á kjörtímabilinu missir hann kjörgengi sitt í stjórn og tekur nýr embættismaður viðkomandi sveitarfélags við stjórnarsetu hans stað að fenginni tilnefningu viðkomandi aðildarsveitarfélags og eftirfarandi staðfestingu aðalfundar/aúkaaðalfundar á kjöri hans. Komi til þess að kjósa þurfi nýjan stjórnarmann/menn á kjörtímabili skal eftir atvikum boðað til aúkaaðalfundar byggðasamlagsins því til staðfestingar. Nýir stjórnarmenn starfa frá kjöri og fram að fyrsta aðalfundi/aúkaaðalfundi eftir næstu sveitarstjórnarkosningar.

Ekki er sérstök þóknun greidd af byggðasamlaginu til stjórnarmanna fyrir störf þeirra. Aðildarsveitarfélög geta ákveðið að greiða á eigin vegum laun til fulltrúa sinna í stjórn í samræmi við reglur hvers og eins sveitarfélags þar um.

3.4 Fundarboð aðalfunda byggðasamlagsins

Stjórn byggðasamlagsins ákveður dagskrá aðalfundar/aúkaaðalfundar. Fundarboð og upplýsingar um dagskrá fundar skulu send aðildarsveitarfélögum með tölvupósti a.m.k. tveimur vikum fyrir fund og skal aðildarsveitarfélag staðfesta móttöku fundarboðs og tilkynna um nöfn aðal- og varafulltrúa sinna sem koma á fundinn, sbr. grein 3.2 í samþykkt þessari, að lágmarki einni viku fyrir fundinn. Fulltrúi aðildarsveitarfélags á aðalfund/aúkaaðalfund skal tilkynna um forföll til formanns stjórnar byggðasamlagsins svo fljótt sem verða má og boða varamann í sinn stað til setu á fundinum.

Fundargögn og aðrar upplýsingar skal senda fundarmönnum með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Enga ályktun eða tillögu má bera upp til samþykktar á aðalfundi/aúkaaðalfundi, nema hún hafi verið kynnt á dagskrá sem send er með fundarboði eða ef samþykkt er á fundi, af öllum fundarmönnum, að slík tillaga verði borin upp og afgreidd.

Aðalfundir og aukaaðalfundir geta verið fjarfundir ef slíkt kemur fram í fundarboði. Þá geta einstakir fundarmenn óskað eftir því að mæta til fundar í gegnum fjarfundarbúnað ef sérstakar ástæður eru fyrir því að þeir geta ekki mætt til fundar á fundarstað. Um framkvæmd fjarfunda gildir auglýsing ráðherra, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Aðalfundur eða aukaaðalfundur skal setja sérstök aðalfundarsköp byggðasamlagsins sem gilda skulu fyrir aðalfundi og aukaaðalfundi.

3.5 Dagskrá aðalfundar að hausti (haustfundar) og fundargögn

Á aðalfundi að hausti skal skv. ákvörðun stjórnar taka fyrir eftirfarandi mál auk annarra mála.

1. *Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir komandi rekstrarár.*
2. *Tillaga að gjaldskrá fyrir komandi rekstrarár.*
3. *Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, ef þörf er á.*
4. *Tillaga að breytingum á samþykktum byggðasamlagsins, ef þörf er á.* Breytingar á samþykktum byggðasamlagsins þarfnast samþykkis 2/3 hluta atkvæða.
5. *Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar.*
6. *Kjör stjórnar, ef þörf er á.*
7. *Kosning löggilts endurskoðanda, ef þörf er á.*
8. *Tillögur og ályktanir sem aðildarsveitarfélögin vilja bera upp.* Tillögur og ályktanir sem aðildarsveitarfélögin vilja bera upp á haustfundi til afgreiðslu skulu sendar stjórn byggðasamlagsins a.m.k. þremur vikum fyrir aðalfund/aukaaðalfund.
9. *Önnur mál.*

Fundargögn vegna þeirra mála sem fyrirhugað er að taka fyrir á haustfundi skulu send fundarmönnum með a.m.k. þriggja daga fyrirvara fyrir fund.

3.6 Dagskrá aukaaðalfundar að vori (vorfundur) og fundargögn

Á aukaaðalfundi að vori skal skv. ákvörðun stjórnar taka fyrir eftirfarandi mál auk annarra mála.

1. *Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs.*
2. *Ársreikningur síðasta rekstrarárs.*
3. *Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, ef þörf er á.*
4. *Tillaga að breytingum á samþykktum byggðasamlagsins, ef þörf er á.* Breytingar á samþykktum byggðasamlagsins þarfnast samþykkis 2/3 hluta atkvæða.
5. *Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar.*
6. *Kjör stjórnar, ef þörf er á.*
7. *Kosning löggilts endurskoðanda, ef þörf er á.*
8. *Tillögur og ályktanir sem aðildarsveitarfélögin vilja bera upp.* Tillögur og ályktanir sem aðildarsveitarfélögin vilja bera upp á vorfundi til afgreiðslu skulu sendar stjórn byggðasamlagsins a.m.k. þremur vikum fyrir aðalfund/aukaaðalfund.
9. *Önnur mál.*

Fundargögn vegna þeirra mála sem fyrirhugað er að taka fyrir á aukaaðalfundi að vori skulu send fundarmönnum með a.m.k. þriggja daga fyrirvara fyrir fund.

4. Um ályktunarhæfi aðalfundar/aukaaðalfundar, atkvæðagreiðslu og fundargerðir

4.1 Ályktunarhæfi aðalfunda o.fl.

Aðalfundir/aukaaðalfundir byggðasamlagsins eru ályktunarhæfir hafi verið löglega til þeirra boðað, með nægum fyrirvara og ef meirihluti fulltrúa aðildarsveitarfélaga með atkvæðisrétt er mættur. Aðalfundir/aukaaðalfundir eru ekki ályktunarhæfir varðandi tillögur um breytingu á samþykkt þessari, um slit byggðasamlagsins eða breytingu á aðild sveitarfélaga byggðasamlagsins nema að a.m.k. ²/₃ fundarmanna séu viðstaddir fundinn.

Á aðalfundi/aukaaðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða varðandi öll mál nema um samþykki tillagna er lúta að breytingu á samþykkt þessari, um slit byggðasamlagsins og um breytingu á aðild

sveitarfélaga byggðasamlagsins en þá telst tillaga samþykkt ef $\frac{2}{3}$ hlutar atkvæða falla með henni. Ef atkvæði falla jöfn er tillaga felld.

4.2 Fundargerðir

Halda skal fundargerðir fyrir aðalfundi, aukaáðalfundi og stjórnarfundi byggðasamlagsins í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 og leiðbeiningar ráðherra um ritun fundargerða sveitarstjórna sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Fundargerðir aðalfunda, aukaáðalfunda og stjórnarfunda skulu ávallt sendar til stjórnarmanna byggðasamlagsins og aðildarsveitarfélaganna. Heimilt er að senda fundargerðirnar með rafrænum hætti.

5. Um starf stjórnar

5.1 Starf og ábyrgð stjórnar

Stjórn byggðasamlagsins ber ábyrgð á allri starfsemi byggðasamlagsins, framfylgir ákvörðunum aðalfundar, kemur fram fyrir þess hönd á milli aðalfunda og fylgir fram ákvörðunum sem teknar eru á stjórnarfundum og aðalfundum. Stjórnin tekur þátt í stefnumótun á starfi byggðasamlagsins, gerir tillögur að nýjum verkefnum sem eru lögð fyrir aðalfund til ákvörðunar. Stjórnin fer jafnframt með yfirstjórn yfir rekstri byggðasamlagsins og ber ábyrgð á að reksturinn sé í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, þ. á m. að meðferð fjármuna sé samkvæmt samþykkttri fjárhagsáætlun fyrir byggðasamlagið eða samþykktis viðauka við hana.

5.2 Um stjórnarfundi

Stjórnarfundi skal halda eftir þörfum, en að lágmarki 2 sinnum á ári. Formaður stjórnar skal undirbúa og boða stjórnarfundi. Skyld er að boða til stjórnarfundar ef meirihluti stjórnar óskar eftir því. Heimilt er að boða á stjórnarfundi aðila sem hafa aðkomu að starfsemi byggðasamlagsins eða tilteknum verkefnum.

Stjórnarmenn skulu boðaðir á stjórnarfundi með skriflegu fundarboði með a.m.k. einnar viku fyrirvara en heimilt er að stytta fyrirvara ef upp kemur mál sem krefst skjótrar úrlausnar. Dagskrá fundarins auk fundargagna skal send stjórnarmönnum með tölvupósti eða með sannanlegum hætti með a.m.k. tveggja daga fyrirvara. Stjórnarmenn skulu staðfesta móttöku fundarboðs, dagskrár og fundargagna og tilkynna um forföll svo fljótt sem verða má. Forfallist aðalmaður á stjórnarfund skal hann boða varamann í sinn stað.

Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef löglega var til hans boðað og ef meirihluti stjórnar er mættur. Á stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða og ef atkvæði falla jöfn er tillaga felld.

Stjórnarfundur getur verið fjarfundur ef slíkt kemur fram í fundarboði. Þá geta stjórnarmenn óskað eftir því að mæta til fundar í gegnum fjarfundarbúnað og ákveður formaður eða eftir atvikum sá sem boðar fund, hvort slíkt verði heimilað. Um framkvæmd fjarfunda gildir auglýsing ráðherra, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

6. Um fjármál og heimildir til samninga við einkaaðila og aðildarsveitarfélög

6.1 Fjárhagsáætlun, framlög aðildarsveitarfélaga o.fl.

Stjórn skal árlega vinna tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir næsta ár og leggja fyrir fund stjórnar til staðfestingar eigi síðar en 20. september. Þegar stjórn byggðasamlagsins hefur samþykkt tillögu að fjárhagsáætlun skal samþykkt tillaga að fjárhagsáætlun lögð fyrir reglulegan aðalfund (haustfund) hvers árs. Samþykki aðalfundur tillöguna skal henni vísað til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna til samþykktar og skal hún þar hljóta sömu meðferð hjá sveitarstjórn og fjárhagsáætlun sveitarfélags. Það sama gildir um viðauka við fjárhagsáætlun byggðasamlagsins. Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins telst ekki samþykkt fyrr en sveitarstjórnir allra aðildarsveitarfélaganna hafa samþykkt hana. Sveitarstjórnir skulu hafa lokið tveimur umræðum um fjárhagsáætlun byggðasamlagsins 15. desember ár hvert. Um fjárhagsáætlun og viðauka við hana gilda ákvæði 62. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Framlög aðildarsveitarfélaganna til byggðasamlagsins skulu vera mánaðarleg eða eins og tilgreint er í fjárhagsáætlun/viðauka við fjárhagsáætlun byggðasamlagsins. Aðrar tekjur byggðasamlagsins eru styrkir og gjafir. Byggðasamlaginu er heimilt að afla annarra tekna í samræmi við lagaheimildir og gjaldskrá.

Byggðasamlagið má ekki taka við gjöfum sem fylgja kvaðir umfram þær kvaðir sem eru lögákveðnar nema að stjórn og aðalfundur/aukaáðalfundur samþykki slíkt.

Ákvarðanir um lántökur eða önnur mál er varða útgjöld umfram samþykktu fjárhagsáætlun byggðasamlagsins, þarfnast staðfestingar sveitarstjórna allra aðildarsveitarfélaganna í formi viðauka við fjárhagsáætlun.

Stjórn ber ábyrgð á að samþykkt, starfsáætlunum og fjárhagsáætlun sé fylgt í starfsemi byggðasamlagsins.

Stjórn hefur umsjón með bókhaldi byggðasamlagsins og skal láta vinna ársreikning fyrir byggðasamlagið á ári hverju í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga og gildandi laga hverju sinni um bókhald og ársreikninga. Ársreikningur byggðasamlagsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda sem ráðinn er til starfsins. Ársreikningur skal lagður fyrir stjórn byggðasamlagsins á stjórnarfundum sem haldinn skal fyrir 15. mars ár hvert og sendur til aðildarsveitarfélaganna til upplýsinga og kynningar, ásamt ársskýrslu um starfsemi byggðasamlagsins á liðnu ári. Ársreikning hvers árs og ársskýrslu skal leggja fram til kynningar á reglulegum aukaáðalfundi byggðasamlagsins að vori (vorfund).

6.2 Samningar við einkaaðila

Byggðasamlaginu er heimilt að semja við einkaaðila, sbr. 100. gr sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, um framkvæmd á þjónustu og/eða önnur verkefni í tengslum við starfsemina. Samningur við einkaaðila skv. framangreindu skal vera í samræmi við 2. mgr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en samningurinn skal vera skriflegur og verkefnið afmarkað með skýrum hætti auk endurgjalds fyrir vinnuna. Áður en samningur er gerður skal áætlun um kostnað liggja fyrir í samþykktu fjárhagsáætlun byggðasamlagsins eða samþykktum viðauka við fjárhagsáætlun.

6.3 Samningar við aðildarsveitarfélög

Byggðasamlaginu er heimilt að semja við einstök aðildarsveitarfélög eða samtök sveitarfélaga um umsjón afmarkaðra verkefna er tengjast þjónustu við byggðasamlagið, s.s. launavinnslu, bókhaldsþjónustu og/eða fjármálaumsýslu.

Byggðasamlaginu er jafnframt heimilt að semja við einstök aðildarsveitarfélög um tiltekin verkefni, eftir því sem aðalfundur ákveður.

7. Um úrgöngu og slit

7.1 Úrganga aðildarsveitarfélaga

Um úrgöngu aðildarsveitarfélags úr byggðasamlaginu fer skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í samþykkt þessari eða öðrum lögum. Óski aðildarsveitarfélags eftir því að ganga úr byggðasamlaginu skal samþykkt ákvörðun sveitarstjórnar viðkomandi aðildarsveitarfélags tilkynnt formanni stjórnar byggðasamlagsins með skriflegum og sannanlegum hætti, um leið og ákvörðun hefur verið tekin en eigi síðar en 1. febrúar þannig að unnt sé að taka tillöguna til afgreiðslu á vofundi. Tilkynning um úrgöngu skal vera rökstudd og ástæður úrsagnarinnar tilgreindar.

Tilkynning um úrgöngu skal tekin fyrir á næsta stjórnarfundum eftir að hún berst formanni stjórnar og tilkynnt aðildarsveitarfélögunum. Stjórn byggðasamlagsins og aðildarsveitarfélögin skulu leita lausna þegar tilkynning kemur fram en ef samkomulag næst ekki um áframhaldandi aðild sveitarfélags skal

úrgangan tekin fyrir á næsta aukaaðalfundi að vori (vorfundi) nema að samkomulag verði um annað. Tillaga um úrgöngu skal vera á dagskrá sem fylgir fundarboði aðalfundar/aukaaðalfundar.

Sveitarfélag sem hyggst ganga úr byggðasamlaginu skal taka þátt í starfi þess, greiða rekstrarkostnað og ber áfram ábyrgð á starfsemi byggðasamlagsins ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum þar til úrganga hefur tekið gildi, sbr. neðangreint. Við úrgöngu úr byggðasamlaginu á úrgöngusveitarfélag engan endurkröfufurtt vegna stofnkostnaðar eða annars kostnaðar sem það hefur lagt til starfsemi byggðasamlagsins. Úrgöngusveitarfélag á ekki tilkall til afhendingar á eignum í eigu byggðasamlagsins en aðildarsveitarfélögin geta samið um slíkt. Ef byggðasamlagið á eignir umfram skuldir byggðasamlagsins skulu þau sveitarfélög, sem eftir standa í byggðasamlaginu, greiða úrgöngusveitarfélagi, í samræmi við eignarhlut úrgöngusveitarfélagsins, nettó hluta bókfærðra eigna skv. síðasta birta ársreikningi byggðasamlagsins á því ári sem úrgangan tekur gildi. Sveitarfélögin greiða fyrir eignarhlutann í sömu hlutföllum og eignarhluti þeirra eykst um eftir formlega úrgöngu.

Úrganga úr byggðasamlaginu skal taka gildi við lok reikningsárs tveimur árum eftir aðalfundinn þegar tilkynning um hana var tekin fyrir með því skilyrði að viðkomandi sveitarfélag sé þá skuldlaust við byggðasamlagið. Úrgöngusveitarfélag ber einfalda ábyrgð á þeim skuldbindingum byggðasamlagsins sem byggðasamlagið hefur undirgengist fram að því tímamarki að úrganga tekur gildi. Ef skuldir eru umfram eignir í byggðasamlaginu skal úrgöngusveitarfélag greiða til byggðasamlagsins fjárhæð sem nemur hluta aðildarsveitarfélagsins í skuldum í samræmi við eignarhluta gegn því að vera leyst úr ábyrgðum vegna þeirra skulda með samþykki viðkomandi kröfuhafa. Vegna óþekktra krafna og annarra skuldbindinga sem sérstaklega er samið um að sveitarfélagið greiði ekki hlutdeild sína í við úrgöngu, þá helst ábyrgð úrgöngusveitarfélagsins eftir úrgönguna. Úrgöngusveitarfélag ber ekki ábyrgð á þeim skuldbindingum sem byggðasamlagið undirgengst eftir að úrganga hefur tekið gildi, nema um það sé sérstaklega samið og slíkt samþykkt af sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags.

7.2 Slit byggðasamlagsins

Um slit byggðasamlagsins fer skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í samþykkt þessari. Tillaga aðildarsveitarfélags um slit byggðasamlagsins þarf að berast formanni stjórnar byggðasamlagsins um leið og viðkomandi sveitarstjórn hefur samþykkt hana. Tillagan skal vera rökstudd og ástæður hennar tilgreindar. Tillagan skal tekin fyrir á næsta vorfundi ef hún berst fyrir 1. febrúar, en annars á haustfundi ef hún berst fyrir 1. júlí. Tillaga um slit byggðasamlagsins skal rædd á aðalfundi og atkvæði greidd um hana nema að aðalfundur ákveði aðra málsmeðferð.

Tillaga um slit byggðasamlagsins skal tilgreind á dagskrá aðalfundar/aukaaðalfundar. Tillaga um slit byggðasamlagsins telst ekki samþykkt á aðalfundi/aukaaðalfundi nema hún sé samþykkt með a.m.k. 2/3 hluta atkvæða. Hljóti tillaga um slit byggðasamlagsins samþykki á aðalfundi/aukaaðalfundi byggðasamlagsins skal henni vísað til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar.

Aðildarsveitarfélögin þurfa að semja sín á milli um skiptingu eigna og skulda við slit byggðasamlagsins. Eignir byggðasamlagsins eða eftir atvikum skuldir skulu ganga til sveitarfélaganna í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags eins og hann var 1. janúar á því ári sem slit byggðasamlagsins fara fram.

8. Um breytingar á samþykkt og gildistökuákvæði

8.1 Breytingar á samþykkt

Breyta má samþykkt þessari á aðalfundi ár hvert eða á aukaaðalfundi. Tillögur um breytingar á samþykkt þessari skulu fylgja fundargögnum. Tillögur aðildarsveitarfélaganna um breytingar á samþykkt skulu berast stjórn a.m.k. þremur vikum fyrir aðalfund eða aukaaðalfund.

Breyting á samþykkt þessari telst samþykkt, ef hún nýtur stuðnings 2/3 hluta atkvæða á ályktunarhæfum aðalfundi og er staðfest af sveitarstjórnnum allra aðildarsveitarfélaganna. Þegar breytingar á samþykktum

byggðasamlagsins hafa verið afgreiddar og samþykktar skal ný samþykkt send til aðildarsveitarfélaganna og hljóta sömu meðferð og breytingar á samþykktum sveitarfélaganna.

8.2 Gildistaka

Samþykkt þessi öðlast gildi við birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Við gildistöku falla úr gildi eldri samþykktir byggðasamlagsins og erindisbréf stjórnar.

Þannig samþykkt á aðalfundi Héraðsnefndar Árnesinga bs. þann 14. apríl 2026